

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 3. maí 2018

Mál: Umsögn um frumvarp til laga um húsnæðismál (stefnumótun á sviði húsnæðismála, hlutverk Íbúðalánasjóðs), 469. mál.

Samtök atvinnulífsins vísa til tölvupósts velferðarnefndar Alþingis, frá 19. apríl 2018 sl. þar sem óskað er umsagnar samtakanna um frumvarp til laga um húsnæðismál (stefnumótun á sviði húsnæðismála, hlutverk Íbúðalánasjóðs), 469. mál.

Í greinargerð er tekið fram að markmið frumvarpsins sé að finna hlutverki stjórnvalda í þjónustu í almannabágu á húsnæðismarkaði traustan farveg til framtíðar. Skerpa eigi á hlutverki Íbúðalánasjóðs á sviði greiningar og stefnumótunar en ekki að leggja til breytingar á lánahlutverki sjóðsins. Til standi að lagt verði fram sérstakt frumvarp á haustþingi 2018 sem snúi að lánaheimildum sjóðsins. Gera samtökin því ekki athugasemdir að þessu sinni varðandi lánahlutverk sjóðsins en ítreka að þau eru ósammála því að Íbúðalánasjóður haldi áfram að veita lán á almennum markaði þar sem fjármálastofnanir geti annað eftirspurn eftir húsnæðislánnum. Að öðru leyti vísa samtökin til [umsagnar](#) samtakanna sem lögð var fram á 145. löggjafarþingi.

Samkvæmt fyrirliggjandi frumvarpi er Íbúðalánasjóði, auk þess að bjóða upp á lán í samkeppni við banka og lífeyrissjóði, gefið nýtt greiningar- og stefnumörkunarlutverk sbr. 4. gr. frumvarpsins. Samtökin telja engar ástæður liggja til þess að Íbúðarlánasjóður fái þetta hlutverk enda eru fjölmargir aðilar að gefa reglulega út greiningar á húsnæðismarkaði. Að sjóðnum sé í senn ætlað að vinna að stefnumótun á sviði húsnæðismála, vera ráðherra til ráðgjafar um mótun húsnæðisstefnu auk þess að stunda lánsviðskipti verður að teljast óheppileg tilhögun og til þess fallin að draga úr trúverðugleika stofnunarinnar.

Samtökin gera alvarlegar athugasemdir við að Íbúðarlánasjóður fái heimild til að krefja stjórnvöld og stofnanir um gögn og upplýsingar um húsnæðismarkað sem nauðsynlegar eru vegna þeirra verkefna sem áður eru nefnd, sbr. 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins. Samtökin taka þar með undir andmæli Hagstofu Íslands í umsögn dagsettri 24. apríl 2018. Draga samtökin verulega í efa að það standist lög að greiningardeild sjóðsins sé gefinn aðgangur að upplýsingum umfram aðra greiningaraðila á markaði. Þá gengur heimildin gegn lögum um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð og gegn þeirri þagnarskyldu sem liggur á þeim stjórnvöldum sem nefnd eru í ákvæðinu.

Samtökin leggja gegn samþykkt frumvarpsins og telja æskilegra að haldið verði áfram með vinnu við endurskoðun á Íbúðalánasjóði í heild sinni. Í þeirri vinnu beri að fara fram allsherjar greining á því hvaða þörf sé á að hafa íbúðalánasjóð til frambúðar. Í vissum tilvikum kunni að vera góð rök fyrir því að ríki standi fyrir uppbyggingu lánasjóða á húsnæðismarkaði en einungis í undantekningartilvikum. Þá er ótímabært að veita Íbúðalánasjóði önnur hlutverk, t.a.m að starfa sem greiningardeild, fyrr en starfsemin í heild hefur verið endurskoðuð.

Virðingarfyllt,
f.h. Samtaka atvinnulífsins

